



Þingmannatillaga um að efna til leiðtogafundar um málefni íþrótta

Tillaga

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að þær eigi samstarf við norrænu íþróttasamböndin um að efna til norræns leiðtogafundar annað hvert ár um málefni keppnis- og almenningsíþrótta.

Forsaga

Í september 2015 stóð menningar- og menntamálanefnd Norðurlandaráðs að leiðtogafundi í Álaborg um málefni íþrótta í samstarfi við íþróttasamböndin í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Íslandi, Grænlandi, Færeyjum og Álandseyjum. Á leiðtogafundinum var fjallað um mikilvæg íþróttamálefni en meðal þeirra voru hagræðing úrslita, lyfjaeftirlit, leikjastefna og ráðstöfun ágóða af getraunum, lýðheilsa, íþróttir sem stysta leið barna og ungmenna til félagslegrar aðlögunar og aukin sjálfbærni á alþjóðlegum íþróttaviðburðum. Leiðtogafundurinn um málefni íþrótta gafst vel og gæti flokkahópur jafnaðarmanna í Norðurlandaráði vel hugsað sér að slíkur fundur verði fastur viðburður annað hvert ár.

Helsinki, 25. janúar 2016

Annette Lind (S)	Lars Mejern Larsson (S)
Erkki Tuomioja (sd)	Lennart Axelsson (S)
Eva Sonidsson (S)	Maarit Feldt-Ranta (sd)
Gunvor Eldegard (A)	Pernille Schnoor (S)
Henrik Dam Kristensen (S)	Phia Andersson (S)
Ineqi Kielsen (S)	Pyry Niemi (S)
Irene Johansen (A)	Rikard Larsson (S)
Johan Andersson (S)	Ruth Mari Grung (A)
Jorodd Asphjell (A)	Suzanne Svensson (S)
Karin Gaardsted (S)	Ville Skinnari (sd)
Knut Storberget (A)	